

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.

## Starfshópur um umdæmisþing.

Starfshópurinn skipa Guðrún Jóhannsdóttir, Gísli Skarphéðinsson, Birgir Sveinsson, Matthías G Pétursson og Jóhanna M Einarsdóttir.

Hópurinn telur að:

Ekki eigi að hafa fræðslu á umdæmisþingum, farið verði með fræðsluna út í svæðin t.d. á svæðisráðsfundi. Kjörumdæmisstjóri fundi með kjörsvæðisstjórum og kjörforsetum á þinginu þó fræðslan falli út. Það mun hafa kostnað í för með sér að fara með fræðsluna út í svæðin og verður að gera ráð fyrir því í fjárhagsáætlun.

Stjórnarskipti umdæmisins verði síðasti liður á dagskrá á þingfundi á laugardegi og að afhending viðurkenninga verði á undan stjórnarskiptum. Þingfulltrúa langar til að sjá hverjir það eru sem eru að taka við hreyfingunni og því mjög eðlilegt að hafa stjórnarskiptin í lok þingfundar en ekki á sérstökum fundi á sunnudegi.

Lestri skýrslna umdæmistjórnarmanna sem birtast í þingblaði verði að mesu hætt en að umdæmisstjóri, umdæmisféhirðir og umdæmisritari lesi úrdrátt úr skýrslum sínum.

Að umdæmisþing hefjist t.d. kl.14 á föstudegi með málstofum sem verði opnar öllum félögum. Þessar málstofur verði vel undirbúnar fyrir þing með góðum fyrirvara og vandað val stjórnenda. Ef ræða á nánar eða kynna niðurstöður úr málstofum á umdæmisþingi þá verði það gert, því misbrestur var á því á síðasta þingi. Þessar málstofur fjalli um þau Kiwanismál sem brenna á hreyfingunni á hverjum tíma.

Einnig var rætt um:

Að galaball verði ekki eins íburðarmikið eins og verið hefur og að miði á galaball sé innifalinn í þinggjöldum eins og var árum áður. Með því er vitað fyrirfram um ákveðinn fjölda gesta sem kæmi og þá möguleiki á að ná verðinu niður.

Að umdæmisþing verði haldið annað hvert ár t.d. að vori og að forsetar klúbbanna verði boðaðir til fundar við umdæmisstjórn árið sem ekki er haldið umdæmisþing. Með þessu mætti spara umtalsverðar upphæðir.

# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta - Kiwanis er kraftur.

*Kiwanis er alheimssamtök sjálfboðaliða er hafa að*



*markmiði að bæta heiminn með þjónustu í þágu barna*

## Vinnuhópur umdæmisstjóra Kiwanis

- Fjölgun og leiðir til fjölgunar
- Kynningar og markaðsmál. Hvað getum við gert betur?

Í nefndinni eru: Ragnar Örn Pétursson, Hjördís Harðardóttir og Guðlaugur Kristjánsson.

Starf hjá fjölgunarnefndum og útbreiðslunefndum undanfarin ár hefur því miður ekki verið að virka. Félagafjöldinn lækkar stöðugt og er nú um 910 félagar. Í erindisbréfi Útbreiðslu – og fjölgunarnefndar segir: „*Starfar samkvæmt markmiðum umdæmisstjóra með framtíðarsýn kiwanishreyfingarinnar í huga. Fer yfir niðurstöður fráfarandi nefndar og hefur til hliðsjónar í starfi sínu. Er í góðu sambandi við umdæmisstjóra, hópstjóra svæðanna og formann kvennanefndar*“.

Ljóst er að nefndin ein og sér mun ekki fjölga félögum heldur á hún fyrst og fremst að vera til staðar fyrir klúbbana í umdæminu og vera í senn hvetjandi og leiðbeinandi. Nauðsynlegt er að nefndin sé áberandi bæði í heimsóknum hjá klúbbum, á svæðisráðsfundum og með erindi á umdæmisþingi. Hún skal hvetja klúbbfélaga til að styrkja sinn klúbb og gefa upplýsingar um hvernig það gæti farið fram t.d. með stefnumótun. Vitað er að klúbbar sem hafa ekki markmið munu með tímanum dala og liðsandinn deyr smátt og smátt.

Öllum klúbbum er því nauðsynlegt að hafa skýra framtíðarsýn og setja sér markmið um hvernig þeir ætli sér að ná tilætluðum árangri. Nefndin á að aðstoða og veita allar upplýsingar um stofnun klúbba. Þá ætti nefndin að tileinka sér notkun fjarfundabúnaðar til að funda með forsetum klúbba, svæðisstjórum og með fulltrúum úr fjölgunarnefndum klúbbanna.

Við val í nefndina þarf að huga sérstaklega að fá til liðs við hana félagar á aldrinum 25-40 ára. Undirrituð telja rétt að leggja niður kvennanefndina og að útbreiðslu- og fjölgunarnefnd verði skipuð jafnt konum og körlum. Undanfarin ár hefur kiwanishreyfingin unnið eftir stefnumótun sem gerð er til fimm ára og í henni er framkvæmdaáætlun fyrir hvert starfsár. Framkvæmdaáætlun ber að endurskoða árlega en nokkur misbrestur hefur verið á því. Stefnumótunin er lögð fyrir þing og er samþykkt þar.

Það er ljóst að ekki hefur gefist vel að koma með hugmyndir „að ofan“ í fjölgunarmálum, heldur er ljóst að hinn almenni félagsmaður þarf að leggja sitt af mörkum, ásamt markvissu starfi hjá klúbbunum og þar eins og hjá umdæminu þarf að vera stefnumótun og framkvæmdaáætlun varðandi fjölgun félaga.

Til að allir klúbbar umdæmisins hafi fjölgun á dagskrá hjá sér mætti óska eftir því að allir klúbbar hefðu einn fund á starfsárinu þar sem félagar taka með sér einn gest hver. Setja þarf þennan fund inn í félagaskrá hvers klúbbs. Mikið atriði er að vel takist til á þessum fundi varðandi kynningu á starfi klúbbsins og Kiwanis og léttleiki verði hafður í fyrirrúmi.

Vinna við fjölgun og kynningar- og markaðsmál í Kiwanishreyfingunni fer að mörgu leyti saman. Ef okkur tekst að markaðssetja og kynna hreyfinguna betur þá er auðveldara fyrir hinn almenna félagsmann að fá nýja félagar til liðs við hreyfinguna. Víða úti á landi er mun

auðveldara að koma upplýsingum og kynningum frá klúbbunum á framfæri í gegnum staðarblöð. Sama verður ekki sagt um klúbbana á höfuðborgarsvæðinu, þar sem blöð eins og MBL og Fréttablaðið eru erfiðari að taka til birtingar efni og má þar m.a. nefna hjálmamálin og K-daginn.

Umdæmisstjórn þarf að taka til endurskoðunar notkun á merki (logó) Kiwanis. Of oft eru klúbbar að senda frá sér upplýsingar um starfsemi sína en merki Kiwanis er hvergi sjáanlegt. Það þarf að horfa á kiwanismerkið eins og hvert annað vörumerki.

Fjölgun er langtímaverkefni en á ekki að vera spretthlaup með misjöfnum áherslum frá ári til árs. Setja þarf fram skýra stefnumótun og framkvæmdaáætlun er varðar fjölgun og kynningar- og markaðsmál til næstu 5 ára og eftir henni þarf að vinna. Slíka áætlun þarf að samþykkja á þingi. Þessu þarf að fylgja fjármagn árlega, undanfarin ár hafa fengist greiðslur frá Evrópustjórn m.a. voru slíkir styrkir notaðir til að halda fjölgunarráðstefnu í Hafnarfirði á síðasta ári.

Nefndin telur nauðsynlegt að umdæmisstjórn skoði að gera breytingar er varðar útgáfu Kiwanisfréttu og embætti upplýsinga-og blaðafulltrúa. Með því að gefa út eitt blað á ári og önnur útgáfa yrði rafræn gæti veruleg upphæð sparast sem hægt væri að nota í kynningar-og markaðsmál. Því er lagt til að stofna til embættis kynningar-og markaðsstjóra.

Þessi aðili mun einnig nýtast við kynningu-og markaðssetningu á K-lyklinum, hjálmaverkefninu og stífkrampaverkefninu í samstarfi við Unicef og Styrktarsjóð.

Í fjárhagsáætlunum fyrir sölu K – lykils og stífkrampaverkefnið þarf að gera ráð fyrir peningum í kynningar-og markaðsmál. Við þessa breytingu yrði embætti ritstjóra Kiwanisfréttu og upplýsinga-og blaðafulltrúa lagt niður og verkefnið færð undir kynningar-og markaðsfulltrúa.

Mikilvægt er að sá aðili sem velst til að taka að sér starf kynningar-og markaðsstjóra Kiwanis hafi með sér öflugna nefnd sem bæði vinnur að kynningarmálum og fjölgunarmálum. Nefndin og kynningar-og markaðsstjóri þurfa að hafa fjármagn á hverju ári til að nota m.a. til kaupa á þjónustu frá markaðsskrifstofu eins og gert var við sölu á síðasta K-lykli. Fjármagnið gæti komið frá fjárhagsáætlun umdæmisstjórnar (hluti af Kiwanisfréttum) frá K-lyklinum og Styrktarsjóði (stífkrampaverkefnið) vegna kynningarmála.

Kynningar-og markaðsnefnd ásamt kynningar-og markaðsstjóra Kiwanis þarf að vera skipuð til lengri tíma og þarf að vinna eftir stefnumótun og framkvæmdaáætlun sem endurskoðuð er árlega. Þegar stefnumótun, framkvæmdaáætlun og fjárhagsáætlun liggur fyrir, eigi síðar en á þinginu í september 2014, er rétt að sækja um fjárstyrk fyrir verkefnið, bæði til Evrópustjórnar og Heimsstjórnar Kiwanis.

Ragnar Örn Pétursson  
Hjördís Harðardóttir  
Guðlaugur Kristjánsson



# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar  
kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

## Starfshópur um umdæmisstjórnarfund, tímasetningar, tíðni og fyrirkomulag.

Hópin skipuðu Ástbjörn, Hildisif, Andrés og Sigurður P .

Rætt um tímasetningar funda og öll sammála um að eftirfarandi gæti verið viðmið:

1. Fundur að loknu u-þingi á sunnudegi
2. Okt/nóv
3. Jan/febr
4. Apríl
5. U-þing

Alls ekki mætti sleppa fundi í okt/nóv. Slíkt leiðir til þess að ekki næst samfella í starfið og of langur og dýrmætur tími glatast.

## Fyrirkomulag funda

Rætt um hverja ætti að boða til funda utan umdæmisstjórnarmanna. Næstum allan starfstíma Kiwanis hafa nefndarformenn verið boðaðir á alla fundi . Rætt um að það væri til athugunar að boða ekki nefndarformenn á alla fundi og alls ekki alla nefndarformenn. Öllum ljóst að sumar nefndir hafa afmörkuð verkefni sem ekki kallar á nærveru formanns. Það gæti verið sparnaður bæði peninga og tíma. Einnig mætti athuga að nýta fjarfundarbúnað við skýrslugjöf að hluta.

Helst erum við sammála um jan/febr. fundinn ætti bara umdæmisstjórnin að sitja og ræða í þau hvernig gengið hafi fyrstu 3-4 mánuði starfsársins og leggja á ráðin um framhaldið. Eftir sem áður gætu nefndarformenn skilað skýrslum. Lögð mikil áhersla á að styrkja beri undirbúning nefndarformanna og algjör nauðsyn að fara að lögum sem segja að setja skuli öllum nefndum erindisbréf. Höfum um það rökstuddan grun og vissu að sumar nefndir vinni mjög slaklega enda ekki undirbúnar sérstaklega af umdæmisstjóra og lítil eftirfylgni við störf þeirra.

Teljum að tilkoma framkvæmdanefndar hafi verið til góðs en mjög mikilvægt að aðrir umdæmisstjórnarmenn fái afrit að fundargerðum framkvæmdanefndar. Rétt að athuga hvort nefndarformenn ættu að fá fundargerð því þannig fylgjast þeir betur með starfi umdæmisstjórnar. Ræddum dálítið um það fyrirkomulag að prenta ekki skýrslur heldur senda þær í tölvupósti. Gæti tekið tíma að venja sig við það fyrirkomulag og algjörlega nauðsynlegt að þær berist með amk. 5 daga fyrirvara. Kannski væri rétt að taka þetta í tveimur skrefum, dreifa skýrslum umdæmistjórnar en hafa nefndarskýrslur rafrænar.

Fh. hópsins Ástbjörn Egilsson

# *Skýrsla til umdæmisstjórnarfundar 5. apríl 2014*

## *Verkefni, tilhögun fræðslumála í umdæminu Ísland-Færeyjar*

Skýrsla þessi er unnin að beiðni umdæmisstjóra Drafnar Sveinsdóttur og komu eftirtaldir að gerð þessarar skýrslu.

Sæmundur H. Sæmundsson talsmaður hópsins	Elliða
Benóný A. Guðmundsson	Keili
Björn Ágúst Sigurjónsson	Elliða
Árni H. Jóhannsson	Kötlu

### **a) Fyrirkomulag fræðslu:**

Umdæmisstjóri skipar fræðslunefnd á sínu starfsári, sem sér um fræðslumál umdæmisins í samráði við umdæmisstjóra og umdæmisstjórn. ATH. Ekki skipta öllum fræðslunefndarmönnum út á hverju ári því að þá fæst ekki næg samfella í starfið og það tryggir betur að sú vinna sem búið er að leggja í skili sér áfram til hagsbóta fyrir fræðsluna í Umdæminu.

### **b) Fræðslunefnd sér um og skipuleggur eftirtalda þætti í Fræðslu.**

1. Fræðslu: Svæðisstjóra og embættismanna umdæmisins
2. Fræðslu: forseta klúbbanna
3. Fræðslu: ritara klúbbanna
4. Fræðslu: féhirða klúbbanna
5. Aðra fræðslu, svo sem á svæðisráðsfundum og á klúbbfundum fyrir nefndir og stjórnendur klúbbanna.

**Lögð er áhersla á að fráfarandi embættismenn klúbbanna og Umdæmisins aðstoði sína eftirmenn eftir bestu getu, þannig næst góð heild í starfinu.**

**Fyrirkomulag fræðslu:**

1. **Svæðisstjóra** teljum við æskilegt að fræða í janúar/febrúar, og boða til sérstaks fundar þar sem allir svæðisstjórar eiga að mæta og verja saman einum degi (laugardegi). Á þennan fund væri æskilegt að aðrir verðandi embættismenn umdæmisstjórnar mættu og væru með í fræðslunni. Á umdæmisþingi er nauðsynlegt að hitta alla svæðisstjórana/embættismenn Umdæmisins aftur og fá fráfarandi svæðisstjóra líka á þennan fund, til að skerpa á fyrri fræðslu og að fráfarandi svæðisstjórar geti átt þar stuttan fund með verðandi svæðisstjórum, þar sem þeir fara yfir stöðu klúbbanna í svæðunum.
2. **Ritara klúbbanna** teljum við að þurfi að kalla til þings vegna fræðslu. Fræðslunefnd ætti að taka saman helstu punkta fyrir þá og einnig féhirða klúbbanna svona 6 –10 punkta með aðalatriðum sem snúa að þeirra hlutverki í klúbbunum og gagnvart umdæminu og senda þessa punkta til allra ritara og féhirða þegar ljóst er hverjir skipa þessi embætti og biðja þá að kynna sér þetta vel og ef eitthvað sé óljóst að hafa samband við fræðslunefnd. Síðan er farið betur yfir starf ritara í fræðslu á þinginu. Féhirðum skal bent á að leita fróðleiks hjá forvera sínum í starfi, það skilar bestum árangri að okkar mati.



**ATH. Reyna að hafa þessa punkta markvissa og tína bara til aðalatriðin sem skipta máli fyrir starfsárið.**

- 3. Fræðsla forseta:** Við teljum að fræðsla fyrir forseta þurfi að vera í **febrúar eða mars** það ár sem þeir taka við og síðan upprifjun á þingi þar sem hnykkt er á hvað forseta ber að gera sem forseti og leiðtogi síns klúbbs.

Sameiginlegur fræðslufundur í **Freyjusvæði, Ægissvæði og Sögusvæði**. Taka einn dag, (laugardag) og hafa markvissa fræðslu t.d. í Reykjavík.  
(Aðrir staðir koma til greina)

Hafa sér fræðslufund fyrir **Óðinssvæðið** á laugardegi t.d. á Akureyri. ( Aðrir staðir koma til greina)

**Færeyjasvæði:** Þar verði haldinn sér fræðslufundur á laugardegi t.d. í Þórshöfn og fá þar líka ritara klúbbanna ásamt verðandi og fráfarandi svæðisstjóra. Um þessa fræðslu sjá fulltrúi Færeyja í fræðslunefnd Umdæmisins og verðandi svæðisstjóri, sem nýbúinn er að fá sína fræðslu vegna komandi starfsárs. Fræðsla færi fram á færeysku.

- 4.** Ein af spurningunum sem umdæmisstjóri bað okkur að skoða var hvernig við nýttum nútíma tækni. Við teljum að við framsetningu á öllu fræðsluefni eigi að nota **tölvur og skjávarpa** þannig að þátttakendur bæði heyri og sjái hvað fram fer og þannig meðtaki fundarmenn betur fræðsluna og einnig eigi að leyfa spurningar jöfnum höndum meðan erindið er flutt þannig verða allir meiri þátttakendur í því sem er að gerast og gagnlegar umræður verði frekar, þar sem verðandi embættismenn geta lagt orð í belg.

Varðandi notkun á **Skype** samskiptum og öðrum samskiptum í gegnum tölvur teljum við að fræðsla missi þannig marks, nema í neyðartilfellum og best sé að fólk geti hittst, spjallað saman og myndað persónulegri samskipti.

*Fræðsluefni þarf að vera aðgengilegt á heimasíðu Umdæmisins, þannig að þægilegt og einfalt sé að finna efnið. Kennsluvídeó fyrir afmarkaða þætti svo sem útfyllingu á skýrslu ritara klúbbanna og fleira sem gæti verið gagnlegt.*

Í þessum punktum okkar erum við að benda á hvernig við teljum að eigi að standa að fræðslu, tímasetningar, staðsetningar, áhersluatriði og utanumhald.

Við gefum ekkert álit á hvaða efni á að nota, eða hvernig fræðslunefnd vinnur sitt verk, bara heildar rammann.

Vinnuhópur varðandi fyrirkomulag fræðslumála í Umdæminu Ísland – Færeyjar

Fyrir hönd vinnuhópsins

---

Sæmundur H. Sæmundsson fyrrverandi formaður fræðslunefnar og fyrrverandi Umdæmisstjóri.



# Kiwanis

Umdæmið Ísland-Færeyjar

kiwanis.is

Kiwanis er vinátta – Kiwanis er kraftur

## Greinargerð starfshóps um Kiwanisfréttir og heimasíðu

Starfshópin skipuðu :  
Óskar Guðjónsson hópstjóri,  
Konráð Konráðsson  
Þyrí Baldursdóttir  
Stefán B Jónsson  
Gísli Valtýsson  
Gestur Halldórsson  
Jón Óskar Þórhallsson

Neðangreint er samantekt hópstjóra á því sem helst var rætt í starfshópnum ásamt helstu ábendingum og tillögum sem fram komu.

### Kiwanisfréttir og útgáfa þeirra

Kiwanisfréttir hafa verið gefnar út í yfir 40 ár, sem Heklutíðindi strax á fyrstu árum klúbbsins og í norskum fréttabréfum þegar Ísland var hluti af Norden umdæminu. Blaðið er ómetanleg heimild um sögu hreyfingarinnar og vinnuhópurinn er sammála um tryggja beri að svo verði áfram, hvert svo sem útgáfuformið verður.

Umdæmið á ekki heilstætt sett af blaðinu, en það er til í einkaeign góðs félaga. Blaðið er ekki efnistekið og erfitt að finna það sem félaga vantar og/eða rámar í að í því sé að finna. Nútíma tækni gerir kleyft að skanna blaðið í stafrænt form, efnisgreina, varðveita og miðla. Hægt er að kaupa þá þjónustu t.d. af [timarit.is](http://timarit.is) eða kanna möguleika á að þessi þekking og tæki sé til hjá einhverjum Kiwanisfélögum. Varðveitum söguna og færum hana nær félögum og almenningi. Þetta er vert að hugleiða á tímamótum og með fyrirsjáanlegar breytingar á útgáfunni í huga. Afmælisgjöf umdæmisins til sjálfs síns!

Kostnaður við prentun og dreifingu Kiwanisfréttanna er töluverður og fer vaxandi. Rafrænt blað sparar félagsgjöld. Aðspurður, hefur drjúgur meirihluti félaga áhuga á að fá bladið á rafrænan hátt. En hvernig rafrænan hátt og hvernig blað? Hvers konar efni á að birtast í blaðinu og hversu oft á það að koma út? Hópurinn er sammála um að rafræn, gagnvirk og lifandi útgáfa Kiwanisfréttanna er framtíðin, en vill þó stíga eitt skref í einu. Ekki eru allir í hreyfingunni með aðgang að tölvu eða með tölvupóstfang og fengju því ekki eða sæju rafrænt blað. Okkur grunar að þennan hóp fylli margir eldri félagar hreyfingarinnar og að taka verði tillit til þeirra. Því skal stefna að því að gefa út a.m.k. eitt prentað blað á ári næstu árin og 2-3 rafræn blöð auk þingblaðs. Rafræn blöð yrðu t.d. með klúbba-, svæða- og umdæmisfréttir, en prentað blað t.d. þemablað sem tæki fyrir og gerði ákveðnum stærri málum á umdæmis- og heimsvísu, ítarleg skil. Hópurinn er sammála um að þingnefndi taki yfir útgáfu þingblaðs og tryggi að það nái augum allra Kiwanisfélaga.

Fjögur tbl. af Kiwanisfréttum skrifa sig ekki sjálf. Sjálfstæðan ritstjóra/ritstjórn þarf til að stýra ferlinu og binda verkþætti saman. Fréttaritara eða tengla þarf í hverju svæði/klúbbi.

Umdæmisnefndir og embættismenn verða að vera virkari í skrifum. Einnig vantar meira efni frá klúbbum og einstökum félögum. Blaðið má aldrei verða gefið út sem PDFskjal á [kiwanis.is](http://kiwanis.is), sem meir en helmingur félaga með tölvuaðgang heimsækir einungis mánaðarlega eða sjaldnar. Kaupa þarf áskrift að t.d. [www.issuu.com](http://www.issuu.com) eða sambærilegu forriti til að brjóta um og skrifa gagnvirkt fréttablað. Annað til athugunar:

-Þyngd prentaðs blaðs skal miða við að verði ekki meiri en 500 gr.

-Móta þarf stefnu um auglýsingar í blaðinu

-Móta þarf stefnu um samspil fréttablutnings Kiwanisfrétta og [kiwanis.is](http://kiwanis.is)

-Árlega skal leita tilboða í alla prentútgáfu á vegum umdæmisins

-Vinna þarf og veita aðgang að póstlistum embættismanna klúbba og almennra félaga

-Leitast skal við að skipa ritstjóra sem hefur útgáfureynslu og/eða umbrotskunnáttu.

Mörg Kiwanisumdæmi gefa út rafræn fréttablöð. Fyrst og fremst eru þau upplýsingamiðill um það sem er á seyði í umdæminu og koma út 4-6 sinnum á ári. Umdæmisstjórn er virk í skrifum. Umdæmisstjórnar- og svæðisráðsfundum eru gerð góð skil. Svæða- og klúbbafréttir, upplýsingar og auglýsingar eru fyrirferðarmiklar auk alls kyns fræðsluefnis. Sjá t.d.:

[We Can District](#), [Australian Kiwanian](#), [Buckeye Kiwanian](#), [Alabama Kiwanis Kourier](#), [kiNotes](#)

## **Heimasíðan – útlit, innihald, notagildi, o.fl.**

Hópurinn ræddi vítt og breytt um vefinn notagildi hans, framsetningu efnis o.fl. Þegar upp er staðið sýnist okkur augljóst að lítil vinnuhópur sem gerir almennar tillögur um vefmál hefur takmarkað gildi. Hér þar meira og fleiri að koma til. Vefstjóri hefur unnið þrekvirki varðandi utanumhald vefjarins og verið vakinn og sofinn varðandi efnisöflun og boðinn og búinn til aðstoðar þeim sem þurft hafa á að halda.

Augljóslega þarf að þarfagreina og móta stefnu í vefmálum umdæmisins almennt og með sérstöku tilliti til ýmissa tæknilausna. Halda verður kostnaði vegna breytingar í lágmarki og engum einum gefið frítt spil hvað það varðar. Fela mætti verkið hópi sem hefði bæði reynslu og þekkingu sem nýtist í slíkri vinnu. Stefnumótun og virk Internetnefnd ætti að tryggja markvissa framþróun heimasíðu hreyfingarinnar.

Hópurinn er sammála um að uppfærsla, breyting á útliti vefjarins er löngu tímabær. Rýna þarf mjög vel í uppbyggingu veftrésins. Markmiðið er að hafa ekki of djúpt á upplýsingar og einfalda framsetningu. Vefurinn þarf að vera vænn fyrir mismunandi skjástærðir og tæki, t.d. snjallsíma og fartækjavænn (responsive) við endurnýjun. Besta þarf vefinn þannig að Kiwanis komi oftast fyrir sjónir almennings í gegnum helstu leitarvélarnar internetsins. Innri leitarvél virðist frekar takmörkuð. Hún leitar ágætlega í fréttum en ekki öðrum hlutum vefjarins. Þá virðast eldri fréttir ekki aðgengilegar gegnum leitina. Mikið af úreltu og villandi efni er einnig á vefnum. Það þarf nauðsynlega að uppfæra og/eða eyða.

Vakin er athygli á að ekki virðist vera til nein opinber ritstjórnarstefna fyrir vefinn og heimasíður klúbba. Markmið vefjanna er fyrst og fremst að miðla upplýsingum um hlutverk, starfsemi og tilgang hreyfingarinnar. Vefurinn er oft fyrsta snerting áhugasamra einstaklinga um hreyfinguna og þarf því að vera bæði upplýsandi og aðlaðandi, gagnvirkur sem kostur, nauðsynlegar upplýsingar aðgengilegar á vef sem er og eins einfaldur í notkun og verða má. Stefna gæti t.d. náð til, viðmiða til að tryggja gæði og samræmi í útliti og framsetningu fjölbreytts efnis. Hvað á að finna á heimasíðu klúbba, hvað og hvenær á uppfæra, hvernig á að birta ljósmyndir, vanda málfar, gæta siðgæðis o.s.frv.

Hópurinn leggur til að sérstök útgáfunefnd starfi með vefstjóra. Hún hafi m.a það hlutverk að vega og meta innihald og þess efnis sem sett er á vefinn, til að tryggja gæði og samræmi. Ekki ritskoðun heldur ritstýring. Einnig þarf að huga að því að einhver geti hlaupið í skarðið ef vefstjóri einhverra hluta vegna forfallast til lengri tíma. Gæta þarf að hlutfalli fréttabirtinga frá klúbbum sem eru áskrifendur að vefumsjónarkerfi og geta birt fréttir sjálfkrafa á fréttasíðu, og hinna sem ekki eru í þessari stöðu. Allar fréttir frá fyrrnefndu klúbbunum eiga ekki að birtast sjálfkrafa á forsíðu.

Nýir félagar hafa gagnrýnt að vefurinn nýtist þeim ekki og rúmlega þriðjungur félaga telur að vefurinn þjóni ekki þörfum þeirra. Hópurinn leggur því til að gerð verði þarfagreining á á notkun félaga á vefnum og hvernig hann megi nýtast sem flestum sem best. Slík greining myndi kalla fram notkunarmarkmið og þarfir notenda og um leið réttlæta þær tæknibreytingar sem hugsanlega þarf að gera til að koma til móts við þarfirnar.

Hópurinn var sammála um að vefurinn sé of opinn og aðgangsstýring sé nauðsynleg.. Ýmis mál, skýrslur og fundargerðir er snerta innra starf hreyfingarinnar á ekki erindi fyrir almenningssjónir. Hver sem er getur tekið þátt í vefkönnunum eða spjalli og allt opið almenningi. Almennig skal vissulega hafa aðgang að góðum og skýrum upplýsingum um markmið, starfsemi og tilgang hreyfingarinnar. Þær upplýsingar verður þó að uppfæra reglulega með tilliti til hugsanlegra breytinga. Verkefnum hreyfingarinnar skal gera góð skil og embættismenn kynntir og virkir tenglar séu á heimasíður klúbba. Sérstakur félagavefur verði hins vegar fyrir Kiwanisfélaga. Þar má t.d. finna félagatal, fundargerðir, netspall, erindisbréf, fjárhagsáætlanir, fræðslu o.m.fl.

Hópurinn er sammála því að færa fræðslu meira á vefinn. Sjálfsagt er að setja slæður af fundum og fræðslu á vefinn en einnig huga að lifandi fræðslu og upptökur af t.d. almennum og sérstökum fræðslufundum. Kennsla í gegnum vefinn er möguleiki sem gera mætti meira með.

Hvernig á að koma til móts við þarfir færeyskra félaga? Þeir borga sinn hlut í umsýslu vefsins jafnt og aðrir og eiga því rétt á sambærilegri þjónustu. Undirsíða á dönsku með árgömlum upplýsingum gengur ekki! Einnig þarf að huga að því að hafa vefinn eða einhverjar upplýsingar um hann á ensku.

Hvað á að gera við klúbbba sem ekki eru með heimasíðu? Eiga ekki að vera til grunnupplýsingar um hvern klúbb á netinu? Búa til slíkar síður og uppfæra reglulega gegnum félagatal.

Hópurinn telur að reglulegar heimsóknartalningar eigi að vera hluti af utanumhald vefjarins. Slíkar talningar gefa góða mynd af notagildi vefjarins og geta gefið vísbendingar um að eitthvað mætti betur fara eða sé að.

Hópurinn ræddi um ókeypis (open source) vefumsjónarkerfi án þess að komast að niðurstöðu, en var sammála um að leiðbeiningar um notkun vefumsjónarkerfis þurfa að vera við aðgengilegar. Vefurinn er nú í opnu vefumsjónarkerfi Silver Stripe CMS (<http://www.silverstripe.com/>), en það er í raun aðallega verið að greiða fyrir íslenskun og einhverja aðhæfingu í áskriftargjöldunum. Spurt var hvort eigi að vera sjálfstætt kerfi sem er

ekki bundið áskrift og er hýst fyrir umdæmið í heild án kerfis áskrifta. Þá þarf væntanlega að hafa aðgang að einstaklingum sem geta haldið kerfinu við og aðhæft það eftir þörfum, hvort sem er sem sjálfboðastarf eða aðkeypt vinna.

Hópurinn telur að reyna verði að fella vefinn betur að eftirtöldum stöðlum Kiwanis International:

[KI graphics standard manual](#)

[KI website checklist](#)

Vakin er athygli á að ekkert skjalavinnslukerfi er til fyrir hreyfinguna. Mikið magn upplýsinga um sögu, verkefni og framgang hreyfingarinnar og ýmis mál er tengjast henni, liggja í tölum embættismanna síðustu ára og mikilvæg gögn liggja undir skemmdum í pappakössum um allt land, hjá umdæmi og svæðum. Kannski ekki forgangsverkefni, en gerði stjórnsýslu umdæmisins skilvirkari. Öll skjalavinnsla vinnist í einu kerfi. Skjalakerfið verður bara ekki einhver geymslustaður, heldur vinnusvæði fyrir umdæmisstjórn og embættismenn.

Undirritaður þakkar starfshópnum gott samtal og umdæmisstjórn að opna formlega á umræðuna.

Óskar Guðjónsson